



Fundargerð

Fundur í skipulags-, -hafnar- og húsnæðisnefnd

Þriðjudaginn 11.06.19 kl. 14:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson. Einnig sat fundinn Tryggvi Harðarson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður KK setti fund og gengið var til dagskrár. Hann lagði til að tekið yrði á dagskrá liður sem frestað var á síðasta fundi, lóðarúthlutun, undir önnur mál.

1. Vestfjarðarvegur - aðalskipulagsbreyting:

Lögð fram til kynningar drög að uppfærðri aðalskipulagstillögu vegna Vestfjarðarvegar frá Bjarkarlundi að Skálanesi.

2. Skiplagsbreyting Hafrafelli:

Samþykkt að fela skipulagsfulltrúa að vinna að deiliskipulagsbreytingu í Hafrahlíð þannig að lóð undir frístundahús verði skilgreind sem íbúðarhúsalóð.

3. Miðjanes - rekstrarleyfi:

Tekið fyrir erindi frá Sýslumanninum á Vestfjörðum vegna umsóknar Gústafs Jökuls Ólafssonar um rekstrarleyfi fyrir gististað að Miðjanesi.
Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið.

4. Ársreikningur 2018 - Reykhólahöfn:

Ársreikningurinn samþykktur og vísað til sveitarstjórnar.

5. Ársreikningur 2018 - Leiguíbúðir:

Ársreikningurinn samþykktur og vísað til sveitarstjórnar.

6. Ársreikningur 2018 - Reykhólaveitur:

Ársreikningurinn samþykktur og vísað til sveitarstjórnar.

7. Önnur mál:

a) Lóðarúthlutun.

Tekin fyrir að nýju lóðarumsókn frá Kristjáni F. Olgeirssyni um Hólatröð 6.
Nefndin leggur til við sveitarstjórn að Kristjáni verði úthlutað umræddri lóð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25
